



Reykjavík, 24. mars 2021
Fundargerð 225. fundar

Tilvísun: 2101002

Miðvikudaginn 24. mars var haldinn 225. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdarráð almannanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur, boðaður með skömmum fyrirvara vegna COVID-19 aðstæðna og hófst kl. 20:00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson og Ásgerður Halldórsdóttir. Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur Sverrisson boðuðu forföll. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason, upplýsingafulltrúi, Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Baldur Pálsson, sviðstjóri fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar, Hrund Apríl Guðmundsdóttir, staðgengill sviðstjóra skóla og frístundasviðs Hafnarfjarðarbæjar. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Leikskólar á höfuðborgarsvæðinu

Boðað var til fundarins með skömmum fyrirvara vegna hertra sóttvarnaaðgerða og hvernig það snýr að leikskólum. Samkvæmt reglugerð eiga leikskólar að vera opnir, en eiga að fara eftir almennum reglum um fjöldatakmörkanir og sóttvarnir. Leikskólar hafa hinsvegar ekki haft tök á því að bregðast við.

Afgreiðsla: Leikskólar á höfuðborgarsvæðinu verða lokaðir fram að hádegi á morgun fimmtudag til að gefa starfsfólki kleift að undirbúa opnun leikskólana með þeim takmörkunum sem taka gildi á miðnætti. Almennavarnir höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélögin munu koma þessu áleiðis til foreldra hið fyrsta.

Fundi slitið klukkan 20:30.

**Fundir vegna AHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 26. mars.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.

Fylgiskjöl:

AHS:

- Engin fylgigögn